

# Fundargerð 2. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

## starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 23. maí kl. 17:30 var haldinn annar fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, sat einnig fundinn.

Erla Heiðrún Benediktsdóttir boðaði forföll.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Erindi afgreidd á milli funda

- Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum: Sóley Halla Möller í Australian silky terrier og Irish soft coated wheaten terrier. Stjórn samþykkti réttindin og óskar Sóleyju til hamingju.
- Þrjú tilboð bárust í ráðgjöf við ráðningarferli framkvæmdastjóra. Ákveðið að taka tilboði frá HH ráðgjöf.
- Erindi frá félagsmanni svarað varðandi ósk um ræktunarbann á hund í hans eigu.
- Erindi barst frá Smáhundadeild varðandi ræktunarreglur á French bulldog, erindið var sent til ræktunar- og staðlanefndar.

#### 2. Ritstjóri Sáms, Linda Björk, mætir á fundinn kl. 17:30

Umræða um hvernig uppsetning Sáms er í dag, varðandi auglýsingar. Núverandi fyrirkomulag rætt og hverju er hægt að breyta og hvernig. Hugmyndir af mögulega nýju fyrirkomulagi ræddar. Umræða um mönnun í ritnefnd, auglýst verður eftir fleiri meðlimum í rit- og fræðslunefnd.

#### 3. Staða ráðningarferlis framkvæmdastjóra

Forviðtöl hafa verið tekin og viðtöl við álitlega umsækjendur halda áfram í vikunni.

#### 4. Bókunarkerfi og gjaldskrá vegna salar á Melabraut

Ákveðið hefur verið að taka í notkun Shopify bókunarkerfi. Gjaldskrá fyrir leigu á salar rædd og samþykkt.

#### 5. Erindi frá Schnauzerdeild fylgiskjöl 2a og 2b-23

Stjórn Schnauzerdeildar óskar eftir fundi með stjórn, þau verða boðuð á næsta fund stjórnar.

#### **6. Erindi frá Nosework klúbbum, fylgiskjal 5-23**

Erindið rætt. Keppnin sem umræddi hefur nú þegar verið haldin, en tekin ákvörðun um að fara ekki í samstarf við sjálfstætt starfandi klúbba eða þjálfara að sinni.

#### **7. Erindi varðandi Polish hunting spaniel, fylgiskjal 1-23**

Fjallað var um erindið, ákvörðun tekin um að HRFÍ fylgi öðrum NKU löndum varðandi skráninguna á tegundinni komi hún til landsins og samþykkja tegundina á x ættbókum.

#### **8. Erindi frá félagsmanni varðandi afléttingu ræktunarbanns á Miniature schnauzer, fylgiskjal 4-23**

Umrætt erindi hefur verið tekið fyrir áður af stjórn félagsins ásamt ræktunar- og staðlanefnd og vísindanefnd. Erindinu verður svarað.

#### **9. Erindi frá félagsmanni varðandi þörun á Collie rough og smooth, fylgiskjal 7-23**

Fjallað um erindi sem sent var stjórn til upplýsinga. Stjórn er sammála um að breyta ekki núverandi reglum að svo stöddu.

#### **10. Önnur mál**

Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi nýja möguleika og breytingar á ferlum.

Erna sótti European section fund þann 22. maí og upplýsti stjórn hvað fór þar fram.

Rætt um BOAS ráðstefnu NKK – 3 íslenskir dýralæknar fara á ráðstefnuna í Noregi.

Fundargerð frá aðalfundi – hefur ekki skilað sér til birtingar, kallað verður eftir henni svo hægt sé að birta hana á heimasíðu félagsins.

Erindi barst frá lögfræðingi félagsmanns – stjórn mun óska eftir áliti frá laganefnd félagsins.

Fundi slitið kl. 19:55 – Næsti fundur er áætlaður 6. júní kl. 17:30